

2. Að presturinn haldi timburhúsinu og baðstofunni, sem hvorttvegja er orðið eign prestakallsins þegar fyrri helft lánsins er tekin, vel við, og að hann eða dánarbú hans á sínum tíma skili hvorutveggja í góðu standi eða með fullu álagi. 97
9. ágúst.
3. Að húsinu og baðstofunni sje jafnan haldið í váttryggingu fyrir eldsvoða fyrir eigi minna en 1000 — eitt þúsund — krónum, hjá brunabótafjelagi, er hefur umboðsmann á Íslandi.
4. Að helmingur lánsins sje eigi tekinn fyrri en presturinn með lögmætri skoðunargjörð hefur sannað fyrir prófasti, að bæði hlaðan og jarðabæturnar sjeu svo gjörðar, sem að framan er til tekið, og að hvorttvegja sje vel og vandlega af hendi leyst.

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 1.—3. júní 1892.

Ár 1892, miðvikudaginn 1. júní, var aðalfundur amtráðs Norðuramtsins settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtráðsins ásamt amtráðsmönnum Benedikt Blöndal í Hvammi, Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, Magnúsi Sigurðssyni á Grund og Einari Ásmundssyni í Nesi.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Var kosinn skrifari fundarins Ólafur Briem samkvæmt 50. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.
Ennfremur ákveðið, að verja mætti til skripta við amtsráðið milli funda 50 kr.
2. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 25. apríl f. á., sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1891, B, bls. 156—157, um skiptin á sjóðum, eignum og skyldum Norður- og Austuramtsins, og ennfremur brjef amtsins 14. maí s. á., um tillögur þess viðvikjandi þessari skipting, sem fram fór um síðastliðin áramót.
3. Fram var lagður reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins 1891 með fylgiskjölum. Við reikning þenna fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
4. Fram voru lagðir eptirfylgjandi reikningar ýmsra sjóða fyrir 1891:
 - a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins.
 - b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins, sem nú til heyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins.

Reikningar þessir voru endarskoðaðir og var ekkert að reikningunum a, b og d fundið, en því leyti, er snerti reikninginn c, úrskurðaði amtsráðið 54 kr. 30 a. ábyrgð á hendur fyrrum sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu, St. Thorarensen.

- 98 5. Amtsráðið sá sjer eigi færð að veita ekkjunní Ögn Guðmundsdóttur styrk úr búnaðarsjóði, sem hún nú aptur hafði sótt um, svo sem verðlaun fyrir þær miklu jarðabætur, sem hún hefur gjört á Þingeyrarkauptursjörðinni Illugastöðum. Ekki gat amtsráðið heldur sinnt styrkbeiðni frá stjórnarnefnd Hólaskólans, en ákvað aptur á móti, að árstekjur sjóðsins skyldu renna til skólans á meðan hann stæði á Hólum.
6. Fram var lagður reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins fyrir 1891 og framhaldsbókaskrá sú, sem samin hafði verið og prentuð samkvæmt ályktun amtráðsins 3. júní f. á. Amtsráðið fann ekkert að athuga við reikninginn og var hann samþykktur. Amtsráðið veitti bókasafninu 200 kr. styrk og skyldu þar af 100 kr. ganga til 7. afborgunar af kaupverðinu fyrir stofu bókasafnsins.
7. Fram var lagður reikningur yfir tekjur og gjöld kvennaskólans á Laugalandi 1891 og beiðni um 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir 1892. Ráðið veitti skólanum hinn umbeðna styrk með því skilyrði, að forseta væri send skýrsla um framkvæmdir skólans á skólaárinu 1891—92.
8. Kvennaskólanum á Ytri-ey voru einnig veittar 300 kr. úr jafnaðarsjóði. Frá sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu var aptur komið frumvarp það til skipulagsskrár fyrir skólann, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafði samið og samþykkt og sent amtsráðinu til staðfestingar, sbr. skýrslu um fund amtráðsins 3.—6. júní 1891, 5 (Stj.tíð. 1891, B, bls. 119). Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði að eins gjört eina breytingartillögu við frumvarpið, sem sje þá, að í síðustu málsgrein 7. gr. komi í stað: »árs fyrirvara«, »hálfis árs fyrirvara«. Amtsráðið samþykkti skipulagsskrána með þeirri breytingu, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði stungið upp á.
9. Forseti lagði fram bænaskrá frá sjera O. V. Gíslasyni á Stað í Grindavík, þar sem hann biður enn um 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins til þess að ferðast norður og svo austur í sumar, til þess að hvetja sjómenn til framfara í atvinnuvegi sínum, þrjedika þjargráð og koma á sjómannaþjeflagi eða sambandi milli allra þjargráðanefnda á landinu. Amtsráðið veitti honum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði Norðuramtsins.
10. Umsögn sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu var nú komin um erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Akrahrepp, þar sem hún óskar eptir því, að lagfæring komist á um kosningar til hreppsnefndar þar í hrepp, sem framfæri stöðugt ári síðar en í hinum hreppum sýslunnar, sbr. skýrslu um fund amtráðsins 3.—6. júní 1891, 21, (Stj.tíð. 1891, B, bls. 124). Sýslunefndin var samdóma forseta amtráðsins um það, að bezt væri að koma slíkri lagfæring á með því, að þegar kosningar fari fram í Akrahreppi 1893, væri kosið til 5 ára og svo til 5 ára aptur, þegar kosið væri 1896. Amtsráðið fjellst á þetta og skipaði svo fyrir um kosningar, sem nú var sagt.
11. Með skírskotun til ályktunar amtráðsins á fundi þess 3.—6. júní 1891

(Stj.tíð. 1891, B, bls. 122—123), um að leggja megi fyrst um sinn árlega 50 kr. úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu í búnaðarsjód fyrir nefnda sýslu, sem er stofnaður af fje, sem upphaflega hafði verið veitt sýslufjelaginu til eflingar búnaði úr landssjóði, að upphæð alls 618 kr. 50 a., var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs þessa fyrir 1891.

98

Amtsráðið yfirfór reikningina og úrskurðaði hann, og áleit þar hjá, að nauðsynlegt væri, að samin yrði stofnunarskrá í samhljóðun við það, sem amtsráðið hafði áður ákveðið í brjefi sínu 12. júní f. á.; skyldi þar settar nákvæmari reglur fyrir styrkveitingum úr sjóðnum og um það, hve stór hann skyldi vera orðinn, áður farið væri að nota hann. Konungsstaðfesting skyldi svo útvega þessum sjóði til handa.

12. Amtsráðið samþykkti þær tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, að greiða mætti úr sýslusjóði kostnað við að skoða brúarstæði á Hörgá og Eyjafjarðará, og að leggja mætti í sjerstakan sjód 500 kr. á þessu ári og 500 kr. næsta ár úr sýslusjóði, svo sem undirstöðu kostnaðar við að brúa Hörgá.

13. Forseti skýrði ráðinu frá vegagjörðum þeim og vegabótum, sem fram höfðu farið á árinu, sem leið.

Ennfremur skýrði forseti frá því, að fje væri lagt til þessara vegagjörða á aðalpóstleið á þessu sumri: 1, til framhalds vegagjörðinni um vesturhluta Húnavatnssýslu, 2, til vegagjörðar milli Akureyrar og Oddeyrar og 3, til vegagjörðar frá Þverárbrú út að Vaðlaheiðarveginum.

14. Forseti leiddi athygli amtsráðsins að brjefi landshöfðingja, 15. júlí 1891 (Stj.tíð. 1891, B, bls. 99), þar sem það er leyft, að þeim helmingi sýsluvegagjaldsins úr Húnavatnssýslu, sem skyldi ganga til aðalpóstleiða, mætti verja til þess, að endurborga lán það með vöxtum, sem sýslufjelagið fjekk á sínum tíma úr landssjóði til sýsluvegagjörðar á Hrutafjarðarhálsi og Miðfjarðarhálsi.

Reikningur sýslumanns yfir notkun þess hluta sýsluvegagjaldsins, sem gengur til aðalpóstleiðar fyrir 1891, var lagður fram til eptirlits.

15. Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hafði leitað samþykkis amtsráðsins til þess að greiða mætti úr sýsluvegasjóði 50 kr. til hreppavega í Skriðuhreppi, en með því þessi upphæð fer ekki fram úr helmingi á móts við hreppavegagjaldið, þurfti sýslunefndin ekki að biðja um samþykki til þessa, sbr. 16. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi.

16. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 3. marz 1892, um stefnu aðalpóstleiðarinnar í Húnavatnssýslu frá Stóru-Giljá austur eptir (Stj.tíð. 1892, B, bls. 69—70), og vegna þess, að breyta yrði samkvæmt þessu sýsluvegum þar í sýslu frá því, sem amtsráðið hafði samþykkt á fundi sínum 16. apríl 1888, hafði forseti í brjefi, dags. 21. marz 1892, skorað á sýslunefndina, að láta uppi tillögur sínar hjer að lútandi.

17. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, að nýr vegur yfir Eyjafjarðará af Brunnáreyrum um Eyrarlandshólma og

98

Staðarey á aðalpóstleiðina við Þverárbrú gagnvart ferjustaðnum á Gili yrði gerður sem sýsluvegur, með því skilyrði, að landsdrottinn, sem ættu engi, er vegurinn lægi um, eigi heimti skaðabætur af sýsluvegasjóði fyrir landsþjöll. (Framh.).

99

26. ágúst.

Auglýsing um póstmál.

1. Til þess að koma á póstsambandi milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandar-sýslu verður aukapóstferðin (a) frá *Ísafirði* um *Þingeyri* að *Rafnseyri* frá 11. ferð landpóstanna í haust (að þeirri ferð með taldri) aukin svo sem nú skal greina:

Aukapósturinn frá *Ísafirði* til *Rafnseyrar* stendur svo stuttan tíma við á *Þingeyri*, sem frekast er unnt vegna afgreiðslunnar, og flytur þaðan, auk póstsins til *Rafnseyrar*, póstflutning til *Bildudals*, er verður fluttur sjóveg frá *Rafnseyri* til *Bildudals* svo fljótt sem veður leyfir. Flutningsmenn hverfa aptur um hæl til *Rafnseyrar*, og sje tími nægur og önnur atvik eigi til fyrirstöðu, biður Ísafjarðarpósturinn eptir komu þeirra frá *Bildudal*, en ella skal senda með póstflutning þann, er þeir koma með, sem fyrst til *Þingeyrar*, allt eptir ákvörðun póstaafgreiðslumannsins á *Þingeyri* í hverri ferð.

2. *Flateyjarpósturinn* fer frá *Stykkishólmi* til *Flateyjar* strax eptir komu *Stykkishólmspóstsins* í 12. og 14. ferð (ekki 10. ferð), og fer að öðru leyti eins og í ferðaáætlun landpóstanna segir.

Reykjavík 26. ágúst 1892.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPAN.

Hinn 4. júlí var *Höfðaprestakall* í *Suðurþingeyjarprófastsdæmi* af landshöfðingja veitt presti að *Þönglabakka Árna Jóhannessyni*, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

Hinn 11. júlí var *hjeraðslæknisembættið* í 9. *læknishjerði* af hans hátign konunginum allramildilegast veitt cand. med. & chir. *Guðmundi Magnússyni*.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Þönglabakk í *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi* (*Þönglabakka-* og *Flateyjarsóknir*). Mat: 1071,92 kr. Tillagið til brauðsins, 500 kr., greiðist með afgjaldi fasteigna, sem brauðinu eru útlagðar frá *Laufáss-* og *Grenjadarstaðar* prestaköllum.

Leiðrjetting. Í reglugj. fyrir *Mýrasýslu* um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, 4. gr. (bls. 140 hjer að framan) hefur misprentazt *utanhúss* les: *utantúns*, og í sömu reglugjörð, 53. gr., bls. 152 hjer að framan er misprentað: í 28. viku sumars í staðinn fyrir í 23. viku sumars.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins Norðuramtinu 1.—3. júní 1892.

(Framh.).

18. Forseti lagði fram áðurnefnt brjef landshöfðingja, 3. marz 1892, þar sem hann einnig út af áskorun neðri deildar alþingis 1891, um breytingar á aðalpóstleiðinni í Þingeyjarsýslum og Norður-Múlasýslu (sbr. þskj. 412), mælist til að fá álit hlutadeigandi sýslunefnda og amtsráða um það, hvort ástæða væri til að gjöra breytingu þá, sem áskorunin fer fram á. Amtmaður hafði þvínæst þegar skrifað hlutadeigandi sýslumönnum um þetta, 21. marz 1892, en fundur sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu var afstaðinn, þegar þetta brjef amtsins barst sýslumanni. Samt sem áður var nú komið álit sýslunefndarinnar, sem heldur sér að tillögum þeim, sem hún hafði gjört á fundi sínum 24. apríl 1888, að minnsta kosti, eins og komið er að orði, þangað til útkljáð væri um það, hvað landsstjórnin gerði viðvikjandi ályktun alþingis um póstgöngur, hvað alþingi hefir aldrei gert, heldur að eins neðri deild (þingskjal 412). Orsökina til þess, að sýslunefndin hafði nú tekið þetta mál til umræðu er sú, að hún hafði meðtekið frá amtsráðinu alvarlega áskorun um, að láta uppi tillögur sínar um sýsluvegi í samhljóðun við brjef landshöfðingja 8. maí 1890 um aðalpóstvegi, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3.—6. júní 1891, 22 (Stj.tíð. 1891, B, bls. 124), hvað hún þegar hefði átt að gera á fundi sínum 1891, en það litur svo út, sem dráttur hafi orðið á þessu máli af því, að oddviti nefndarinnar hafi beðið eptir einhverri þingsályktun um þetta málefni, þótt þingið hafi engan tillögurjett á borð við amtsráð og sýslunefndir um það, hvar aðalpóstleið skuli liggja, sbr. skýlaus fyrirmæli 6. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi.

Ennfremur var lagt fram álit sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, sem heldur fast við álit sitt og tillögur um aðalpóstvegi, þær, er hún lét uppi á aðalfundi sínum 1888, og fjellst hún yfir höfuð að tala á álit neðri deildar alþingis 1891 um þetta mál.

Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hafði á aðalfundi sínum 14. f. m. skipað að nefnd, er skyldi ihuga málið og láta uppi álit sitt, sem yrði lagt fyrir næsta fund sýslunefndarinnar 1. júlí næstk.

Amtsráðið, sem þetta mál er eigi meira skylt en svo, vildi halda sjer við það álit, sem amtsráðið í Norður- og Austuramtinu ljet uppi á fundi sínum 28.—29. júní 1888, sjerstaklega með tilliti til þess, að heppilegast mundi vera, að aðalpóstvegurinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar yrði miðaður við væntanlega brú yfir Jökulsá, skammt frá Svínadal; því væri eigi rjett, að leggja út í það að búa til nýjan aðalpóstveg eptir stefnu þeirri, sem neðri deild alþingis hefir fyrir augum, heldur nota gamla veginn, sem nú er farinn, þangað til áður nefnd brú kæmist á. Að gera nú

3. dag septbr.mán. 1892.

98

breytingu, til þess aptur að gjöra breytingu að svo og svo mörgum árum liðnum, virðist ótiltækilegt.

Amtsráðið fann eigi ástæðu til að ræða nú tillögur sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu um sýsluvegi, þar sem þessar tillögur eru miðaðar við stefnu þessarar aðalpóstleiðar, er nefndin heldur fram, en þeir sýsluvegir, sem nú eru, skulu haldast fyrst um sinn, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eru fallnir saman við þá aðalpóstleið um sýsluna, sem ákveðin er með brjefi landshöfðingja 8. maí 1890.

19. Forseti lagði fram reikning frá hjeradslækninum í 9. læknishjeradi, að upphæð 4 kr. og 50 a., fyrir ferð á Sauðárkrók til þess að kveikja þar bólu. Þótt amtsráðið hefði í einu tilfelli leyft það, að slíkur kostnaður mætti greiðast úr jafnaðarsjóði, þegar hjeradslæknir tækist á hendur sjerstaka ferð til þess að kveikja bólu í hjeradi sínu, — enda hafði amtsráðið þá haft fyrir augum heldur umfangsmikil ferðalög — þá áleit amtsráðið, að hjer væri öðru máli að gegna, því bæði mundi hjeradslæknirinn opt þurfa að koma á Sauðárkrók, enda væri örskammt þangað af heimili læknisins, sbr. kgs. úrsk. 24. marz 1830, 2. Amtsráðið vildi því eigi, að þessi upphæð yrði greidd úr jafnaðarsjóði.
20. Amtsráðið ályktaði, að koma skyldi til náms hjer á landi heyrnar- og málleysingjanum Jónasi Stefánssyni frá Marbæli í Skagafjarðarsýslu, og fól forseta sínum, að annast um það í samráði við amtsráðsmanninn úr Eyjafjarðarsýslu, að Sigurði Jónannessyni frá Öxnafellskoti í Eyjafjarðarsýslu, sem er óeiginlega daufdumbur, yrði komið til kennslu á sem hag-anlegastan hátt.
21. Var rædd og samþykkt svohljóðandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1893.

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1892	kr. 1200,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 2000,00 = 3200,00

Gjöld:

1. Amtsráðið	kr. 500,00
2. Sáttamál	— 50,00
3. Heilbrigðismál	— 300,00
4. Menntamál	— 800,00
5. Heyrnar- og málleysingjar	— 700,00
6. 6. afborgun og leigur af láninu til Skjálfa- andafljótsbrúarinnar	— 118,52
7. Kostnaður til fangahússins á Akureyri	— 100,00
8. Óviss gjöld	— 631,48 = 3200,00

22. Amtsráðið staðfesti frumvörp til reglugjörða fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, og um grenjaleitir og eyðing refa, sem skyldu öðlast gildi 1. jan. 1893, en aptur á móti sá amtsráðið sjer af til-

greindum ástæðum alls eigi fært, að staðfesta samskonar frumvörp fyrir **98** Skagafjarðarsýslu, og Suður-Píngeyjarsýslu, og skoraði á sýslunefndirnar að taka þessi mál til yfirvegunar og umræðu aptur á næstu fundum sínum.

23. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 12. f. m., þar sem látið er uppi álit sýslunefndarinnar um áfrýjunarskjal hreppsnefndarinnar í Vindhælishrepp til landshöfðingja um úrskurð amtsráðsins á fundi þess 3.—6. júní f. á., sem staðfestir þá ályktun sýslunefndarinnar, að Skrapatungurjett skuli vera skilarjett eða aðalrjett fyrir Vindhælishrepp, en Landsendarjett að eins aukarjett. Mál þetta hafði landshöfðingi eptir tillögum forseta amtsráðsins beðið lagt aptur fyrir sýslunefndina til umræðu og ályktunar eptir að hreppsnefndinni í Vindhælishrepp hefði verið gert aðvart í tíma um hina nýju fyrirtekt málsins. Nú hefur sýslunefndin á aðalfundi sínum 14.—19. marz þ. á. ályktað, að rjett væri, að Skrapatungurjett væri skilarjett, en Landsendarjett aukarjett, og fjellst amtsráðið á þetta að öllu leyti, og vonast til að landshöfðingi geri hið sama.

Að því leyti, sem sýslunefndin hafði sektað hreppsnefndina í Vindhælishrepp fyrir það, að hún haustið 1890 ekki hafði notað Skrapatungurjett sem skilarjett, þá er það mál dottið úr sögunni, þar sem sýslunefndin hefir fellt úr gildi þennan úrskurð sinn.

24. Framlagt var skjal nokkurt frá Páli Ólafssyni á Akri og Guðmundi Guðmundssyni á Torfalæk, þar sem þeir áfrýja til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, sem hún kvað upp á fundi sínum 14.—19. marz þ. á., og þar sem svo er ákveðið, að kærendurnir skuli inna af hendi tiltekna upphæð eptirá, fyrir það, að þeir hefðu eigi gert full gangnaskil út af því, að þeir höfðu rekið ær sínar með dilk á afrjett síðastliðið sumar, en til þess hafði eigi verið tillit tekið í tæka tíð við niðurbjörgun fjallskilaskyldna um haustið.

Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi álits sýslunefndarinnar um áfrýjunarskjal þetta.

25. Framlagt var skjal frá hreppsnefndinni í Torfalækjarhrepp, þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurðum sýslunefndarinnar um, hver greiða eigi kostnað við grenjaleit og refaeyðing í svonefndum Dalkvíslum og á hálfum Sauðadal.

Amtsráðið ályktaði, að leita álits sýslunefndarinnar um áfrýjunarskjal þetta, og vildi um leið skjóta því til sýslunefndarinnar, að athuga, hvort ekki þessi mál heyrðu fremur undir dómstólana, en umboðsvaldið.

26. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja hafði forseti amtsráðsins leitað álita sýslunefndanna um sameining hinna núverandi búnaðarskóla samkvæmt áskorun frá alþingi og var athygli sýslunefndanna sjer í lagi leitt að þingskjali 429 í C-deild alþingistíðindanna, sem er álit nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis skipaði til þess, að ihuga þetta mál. Nú voru álitsskjöl komin frá sýslunefndunum í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu,

98

og Eyjafjarðarsýslu, sem hafa látið í ljós, að bezt væri tilfallið, að halda að eins 2 búnaðarskóla fyrir allt land. Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hafði kosið 3 manna nefnd úr sínum flokki til þess að búa málið undir til næsta fundar sýslunefndar.

Eptir all-langar umræður um þetta mál komst amtsráðið að þeirri niðurstöðu, að æskilegast væri, að það fyrirkomulag hjeldist, sem nú er í Norður- og Austurömtunum fyrst um sinn, því skólarnir þar væru nú fyrst farnir að komast á fastan fót, enda mikill kostnaður framlagður af þeim sýslufjelögum, sem í hlut ættu, og svo þegar, hvað Hólaskólann snertir, umfangsmiklar ráðstafanir gerðar til þess að koma upp húsum þar. Á hinn bóginn vildi amtsráðið alls ekki vera því mótfallið, að einn væri búnaðarskóli fyrir bæði ömtin, en samt skyldi þetta eigi afráðið, sem bezt væri að löggjafarvaldið tæki endilega ákvörðun um, fyrr en málið með þessu fyrir augum væri ítarlega rætt af þeim sveitarstjórnarvöldum, sem hlut ættu að máli. Amtsráðið ljet þar að auki í ljósi þá föstu von, að fjárveitingavaldið vildi sýna búnaðarskólunum þá sömu velvild framvegis á meðan búnaðarskólamálið væri eigi endilega útkljáð, sem það hingað til hefur gert í fullkominni samhljóðun við það, sem ákveðið var og gert var á alþingi 1881, og sem einmitt gerði það að verkum, að sýslufjelög rjeddust í það, að koma upp búnaðarskólum, sem bæði hafa kostað þau mikil fjárframlög og mikinn tíma.

Vegna þess að það þannig er komið til tals að hafa einn búnaðarskóla fyrir Norður- og Austurland, var enn fremur framlagt brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, 27. apríl þ. á., þar sem hann skýrir svo frá, að sýslunefndin þar hafi á fundi sínum ný-afstöðnum sett nefnd til þess að íhuga málið og semja nefndarálit um það. Sömuleiðis hafði sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu kosið nefnd til þess, að segja álit sitt um málið og enn fremur sýslunefndin í Norður-Múlasýslu, en sú nefnd skyldi hafa lokið starfi sínu til næsta fundar nefndarinnar 1. júlí næstkomandi.

27. Í sambandi við þetta stendur spursmálið um hluttekning Norður-Þingeyjarsýslu annaðhvort í búnaðarskólanum á Hólum eða í skólanum á Eyðum, og skírskotaði forseti til þess, sem gerzt hafði í þessu tilliti á fundi amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 3.—6. júní f. á. (sbr. Stj.tíð. 1891, B, bls. 127). Nú var komin yfirlýsing sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu, og vill hún taka Norður-Þingeyjarsýslu í skólasamband með þeim skilyrðum, að sýslan leggi til það, sem hún á í búnaðarskólasjóði og hið árlega búnaðarskólagjald sitt og taki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við skólahaldið á Eyðum, en ef skólaeigninni yrði skipt, þá skyldi Norður-Þingeyjarsýsla eiga part í henni að tiltölu við upphæð þá sem búnaðarskólasjóðs hlutinn næmi.

Frá Norður-Múlasýslu var ekkert álit komið, og hafði verið áminnt um það með brjefi dags. 27. f. m.

Amtsráðið ályktaði, að biðja landshöfðingja, að fresta enn úrslitum

þessa máls, þangað til álit sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu væri komið og álit amtsráðsins í Austuramtinu, enda lítur nú út fyrir, að talsverðar byltingar og breytingar verði á búnaðarskóla fyrirkomulagi landsins.

28. Forseti skýrði amtsráðinu frá því, að endurnýjaðar kosningar í Norður-Þingeyjarsýslu í amtsráð Austuramtsins í stað sjera Ólafs Petersens á Svalbarði, sem hafði verið kosinn ólöglega, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 3.—6. júní f. á. (Stj.tíð. 1891, B, bls. 120) hefði fallið á þá leið, að kosinn var verzlunarstjóri Jakob Gunnlögsson á Raufarhöfn.
29. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin.
- Frá Húnavatnssýslu fundargjörðir frá 14.—19. marz þ. á.
 - Frá Skagafjarðarsýslu fundargjörðir frá 2.—5. febr. þ. á. og 4. apríl þ. á.
 - Frá Eyjafjarðarsýslu fundargjörðir frá 9.—12. marz þ. á.
 - Frá Suður-Þingeyjarsýslu fundargjörðir frá 13. sept. 1890, sem sýslumaður hafði gleymt að senda á sínum tíma, og frá 22.—24. marz þ. á.

Sýslunefndin hefur ályktað, að selja skólahúsið í Hljeskógum við opinbert uppboð um manntalsþingaleitið. Til þessa hefði þurft samþykki amtsráðsins samkvæmt 43. gr. (26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar, og veitti amtsráðið það samþykki. Oflítið fje er áætlað úr sýslusjóði og sýsluvegasjóði til afborgunar Skjálfandafljótsbrúarlánsins og vaxtagreiðslu af því, þar sem eigi hefur verið aðgætt, að lög 11. desbr. 1891, um brýrnar á Skjálfandafljóti eigi öðluðust gildi fyr en 29. apríl 1892. Þetta má samt með engu móti vera því til fyrirstöðu, að hinar rjettu upphæðir verði borgaðar á tilsettum tíma eða á rjettum gjalddaga.

30. Framlagðir voru eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar fyrir 1891, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.
- Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
 - Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
 - Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst að athuga: Gjaldið úr Þór-oddstaðahrepp er vantalið um 3 kr., úr Arnarneshrepp um 6 aur., og úr Grímseyjarhrepp um 1 eyr. Þetta ber að leiðrjetta í næsta reikningi. Samkvæmt athugasemd endurskoðenda sýslunefndarinnar má færa til útgjalda í næsta reikningi 25 aur. fyrir sparísjóðsbók handa búnaðarsjóði Eyjafjarðarsýslu, sem nú er tekinn úr sýslusjóði.
 - Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
31. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðar eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1891, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið.

98

a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, nema það, að fylgiskjal 15 vantaði, og var hann samþykktur með því skilyrði, að fylgiskjalið yrði sent forseta. Amtsráðið athugaði, að því leyti, sem taldar eru með tekjum, 83 kr. 88 a., sem væntanleg endurborgun úr landssjóði vegna þess, að þessari upphæð hafði verið varið til aðalpóstleiðarinnar 1891 fram yfir það, sem sýslunni bar skylda til, sbr. brjef landshöfðingja 15. júlí 1891, að þessar 83 kr. 88 a. mundi mega taka af þeim helmingi sýsluvegagjaldsins fyrir yfirstandandi ár, sem gengi til aðalpóstleiðarinnar, þar sem afborgun og vaxtagreiðsla af landssjóðsláni því, sem ræðir um í fyrnefndu brjefi landshöfðingja 15. júlí 1891, nær eigi þessum helmingi.

Reikningur þessi inn kom til amtsráðsins sama dag og amtsráðsfundur var settur, 1. júní, sbr. 41. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fann amtsráðið að athuga:

A. Athugasemdir þær, sem endurskoðendur sýslunefndarinnar höfðu gert við reikninginn, úrskurðast á þessa leið:

a. Oftalið vegabótagjald Skriðuhrepps 2 kr. 14 a. ber að endurgjalda hreppnum og færa til útgjalda í næsta reikningi.

b. Oftalið vegabótagjald Hvanneyrarhrepps, 3 aur., ekki 2 aur., ber að endurgjalda hreppnum og færa til útgjalda í næsta reikningi.

c. Að því leyti, sem snertir kostnað við aðgerð á aðalpóstleiðinni við Skjaldarvík, að upphæð 16 kr. 40 a., þá mun forseti amtsráðsins reyna til að fá þessa upphæð endurgoldna úr landssjóði, þegar beiðni þar um kemur fram frá sýslumanni með fullnægjandi skýrslu um, í hverju vegabótin hafi verið fólgin.

B. Amtsráðið athugaði, að með reikningi þessum fylgdi eigi aðalskýrsla um sýsluvegagjörðir á árinu 1891, sbr. 13. gr. laga 10. nóvbr. 1887, og skyldi sýslumaður senda slíka skýrslu sem fyrst.

Hinn fyrri sýslumaður hafði ekki fullnægt úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1890 í þessu tilliti og ályktaði amtsráðið, að það yrði nú við svo búð að standa, úr því hlutaðeigandi væri farinn úr landi burt.

C. Matsgjörðir á hinum unnu vegagjörðum (sbr. 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi), fylgdu ekki með og heldur ekki lýsing tveggja valinkunnra manna um minni háttar vegabætur. Amtsráðið fól forseta sínum að skora á hinn núverandi sýslumann, að bæta úr þessu eptir því sem honum væri hægt.

D. Amtsráðið vonast fastlega eptir því, að útstandandi vegagjöld úr Þór-oddstaðahrepp fyrir 1890 og 1891 innheimtist á þessu yfirstandi ári.

d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fann amtsráðið ekkert að athuga og samþykkti hann með því skilyrði, að vottorð tveggja

valinkunnra manna yrði sent forseta um vegabætur þær, sem gerðar hafa verið í Hálshrepp og Skútustaðahrepp, en þegar um eiginlegar vegagjördir er að ræða skyldi, eptir 24. gr. laga 10. nóbr. 1887 um vegi, útnefna tvo góða menn til þess að skoða og meta vegagjörðina.

Aðalskýrsla á einnig að fylgja reikningnum samkvæmt 13. gr. nefndra laga.

Forseti skýrði amtsráðinu frá úrskurði þeim, er hann samkvæmt umboði amtsráðsins hefði lagt á reikninginn fyrir 1890, sem reikningshaldari hafði tekið til greina.

(Framh.).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 13. gr. A. b. 6.

Á Synodus, er haldin var 1. dag júlímánaðar, var fje því, að upphæð 3,100 krónur, sem ræðir um undir þessum lið, að við bættum 500 krónum af prestsekknasjóði og 81 kr. 40 aurum af sjóði af árgjöldum brauda skipt þannig milli.

A. Uppgjafapresta:

1. Jón Brynjólfsson frá Kálfholti	65 kr. « au.
2. Þorvaldur Böðvarsson frá Saurbæ	65 — « —
3. Jón Bjarnason frá Skarðsþingum	35 — « —
4. Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþingum	81 — 40 —
5. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	65 — « —
6. Meðlagsuppbót með síra Guðm. G. Sigurðssyni sál.	100 — « —
7. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	50 — « —

B. Prestaekka:

1. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	120 — « —
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggsstöðum	80 — « —
3. Ragnheiður Sveinsdóttir frá Kafafellsstað	40 — « —
4. Helga Guðmundsdóttir frá Eyðölum	80 — « —
5. Guðríður Jónsdóttir frá Ási	50 — « —
6. Guðrún Helga Jónsdóttir frá Vallanesi	40 — « —
7. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	40 — « —
8. Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	80 — « —
9. Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þingmúla	70 — « —
10. Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	50 — « —
11. Guðríður Magnúsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	20 — « —
12. Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	70 — « —
13. Valgerður Jónsdóttir frá Ásum	50 — « —
14. Solveig Einarsdóttir frá Holti undir Eyjafjöllum	40 — « —
15. Ingibjörg Jónsdóttir frá Stóruvöllum	40 — « —
16. Sesselja Ísleifsdóttir frá Stóranúpi	30 — « —
17. Guðrún Pálsdóttir frá Stóranúpi	20 — « —

Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

- Auglýsing* um bann gegn innflutningi á hundum til Íslands, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland, (A. nr. 9, bls. 20—21).
- Auglýsing* um mótun á gullbrullaups tveggja króna peningum, undirskrifuð af fjárhagsráðgjafanum 24. maí 1892 (A. nr. 10, bls. 22—23).
- Konungleg auglýsing* um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 13. júlí 1892, (A. nr. 11, bls. 24—25).
- Auglýsing* um austurlenzka kólerusótt í Rússlandi o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. ágúst 1892, (A. nr. 12, bls. 26—27).

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins Norðuramtinu 1.—3. júní 1892.

(Framh.).

32. Framlögð voru eptirnefnd skjöl, brjef og reikningar viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hólum.
- Fundargjörðir stjórnarnefndarinnar frá 9.—12. f. m., sem voru yfirfarnar nákvæmlega og ihugaðar. Formaður stjórnarnefndarinnar ljet þar auki uppi skýringar viðvíkjandi skólalaldinu og bússtjórn yfir höfuð.
 - Úrskurður amtsráðsins á reikningi skólabúsins 1889—90, með áritun skólastjórnar um fullnustu úrskurðarins.
 - Úrskurður amtsráðsins á reikningi skólabúsins 1889—90 með áritun stjórnarnefndar um fullnustu úrskurðarins.
 - Út af úrskurði amtsráðsins um reikning Hólakirkju 1888—89 voru lögð fram skilríki fyrir því, að lánin úr sýslusjóðum Húnavatnssýslu og Skagafjardarsýslu væru endurborguð. Að öðru leyti verður úrskurðurinn hafður til leiðbeiningar eptirleidis, að því leyti, er reikningsfærslu snertir.
 - Úrskurður amtsráðsins á reikningi Hólakirkju 1889—90, með áritun um fullnustu úrskurðarins.
 - Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðsins 1890—91, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarnefndarinnar.
 - Reikningur yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1890—91, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
 - Reikningur Hólakirkju 1890—91, með athugasemdum, svörum og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
 - Endurrit af reikningi skólasjóðs 1891—92 til athugunar. Amtsráðið yfir fór skjöl þessi og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda við reikningana f, g. og h.
 - Framlagt var brjef stjórnarnefndarinnar, 30. f. m., þar sem hún leitar
5. dag septbr.mán. 1892.

98

samþykkis amtsráðsins til þess, að mega taka bráðabirgðalán upp á allt að 2000 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð stjórnarnefndarmanna, þar fje vantaði til þess að skólahúsbyggingin, sem byrjað er á, kæmist upp, og í annan stað til þess að mega útvega ábyrgð þeirra 4 sýslufjelaga sem skólastofnunina eiga, til að taka lán, sem næmi hjer um bil þeirri upphæð, sem áður er nefnd, eða ef til vildi nokkuð meira, og sem mætti standa um lengri tíma, en það fje, sem stofnunin á nú fyrirbyggjandi, nemur hjer um bil 6500 krónum, sem eigi munu hrökkva til þess, að ljúka við smíði hússins.

Amtsráðið samþykkti, að stjórnarnefndin mætti taka hið umrædda bráðabirgðalán, og fól jafnframt stjórnarnefndinni að útvega ábyrgð hlutadeigandi sýslunefnda fyrir láni úr landsbankanum, sem nægði til þess, að fullkomna húsið, og sem mætti standa ef unnt væri í 10—15 ár. Ábyrgð sýslunefnda yrði að vera orðuð á þá leið, að þær skuldbindi sig allar fyrir eina og ein fyrir allar, en að því leyti er snertir innbyrðis samband sýslunefndanna í þessu tilliti, byggir amtsráðið á því, að hvert sýslufjelag beri $\frac{1}{4}$ hluta lánsins.

- l. Brjef skólastjórans á Hólum, 19. f. m., þar sem hann ber undir amtsráðið úrskurð stjórnarnefndarinnar um ýmisleg atriði, er snerta skyldur námssveina og rjettindi þeirra. Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi álits stjórnarnefndarinnar um þetta skjal.
- m. Framlagt var annað brjef skólastjórans dags. 19. f. m., þar sem hann ber undir amtsráðið, hvort stjórnarnefndinni sje heimilt, að gera nokkrar verulegar breytingar, sem miða til þess, að auka skaðaprócentur hans eða draga úr gróðaprócentum fram yfir það, sem ákveðið hafi verið og venja hafi verið til, þegar honum var veitt forstaða skólans, að öðru leyti en því, sem ákveðið sje með hinni gildandi reglugjörð.

Amtsráðið ályktaði, að það gæti ekki fengizt við, að svara slikri almennti fyrirspurn, en öðru máli væri að gegna, ef eitthvert sjerstaklegt misklíðarefni lægi fyrir í þessu tilliti milli skólastjóra og stjórnarnefndar, sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið á 3. fundardeg.

Akureyri, 24. júní 1892.

J. Havsteen.

100

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í austuramtinu 4.—6. júlí 1892.

Ár 1892, mánudaginn 4. júlí var aðalfundur amtsráðsins í austuramtinu settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins amtmani J. Havsteen og amtsráðsmönnunum sjera Einari Jónssyni á Kirkjubæ og Sigurði búfræðing